

193. fundur sveitarstjórnar Bláskógabyggðar haldinn fimmtudaginn 5. janúar 2017, kl. 15:15 í Aratungu

Mætt voru:

Helgi Kjartansson, Valgerður Sævarsdóttir, Óttar Bragi Práinsson, Kolbeinn Sveinbjörnsson, Guðrún S. Magnúsdóttir, Eyrún M. Stefánsdóttir, Bryndís Á. Böðvarsdóttir, Valtýr Valtýsson sveitarstjóri og Sigurrós H. Jóhannsdóttir, sviðsstjóri, sem ritaði fundargerð.

1. Fundargerðir til staðfestingar:

- 1.1. 178. fundur byggðaráðs Bláskógabyggðar.
Fundargerðin samþykkt samhljóða.
- 1.2. 123. fundur skipulagsnefndar ásamt afgreiðslum byggingarfulltrúa frá 30. nóvember 2016 – 16-43.

Mál nr. 3; Vatnsleysa land B lnr. 188581: Frístundahúsaloðir: Deiliskipulag – 1612004.

Lögð fram umsókn Landhönnunar dags. 25. nóvember 2016 f.h. landeigenda Vatnsleysu, lands B lnr. 188581, um deiliskipulag fyrir landið. Landið er 21.833 fm að stærð og skv. tillögunni er afmarkaður byggingarreitur fyrir frístundahús og aukahús. Fram kemur að nýtingarhlutfall sé 0,03 og að stærð aukahúss geti verið allt að 25 fm.

Sveitarstjórn Bláskógabyggðar gerir ekki athugasemd við að tillaga að deiliskipulagi fyrir svæðið verði auglýst með fyrirvara um að það nái einnig yfir tvær aðliggjandi lóðir sbr. ákvæði skipulagslaga um að deiliskipulag skuli að jafnaði miða við að það taki til svæða sem mynda heildstæða einingu. Er þá gert ráð fyrir að afmarkaður verði sambærilegur byggingarreitur fyrir hinar tvær lóðirnar og að sömu skilmálar gildi.

Mál nr. 4; Holtabyggð: Neðri-Dalur: Kóngsgata: Deiliskipulagsbreyting – 1612006.

Lögð fram umsókn Neðri-Dals ehf. dags. 2. desember 2016 þar sem óskað er eftir heimild til að breyta nafni á götu í frístundabyggð í Neðri-Dal úr Kóngsvegi í Kóngsgötu.

Sveitarstjórn Bláskógabyggðar gerir ekki athugasemd við að heiti götunnar verði breytt.

Mál nr. 5; Brattholt: Brattholt 6: Ný lóð: Deiliskipulagsbreyting – 1612007.

Lögð fram umsókn Svavars Njarðarsonar dags. 29. nóvember 2016 um breytingu á deiliskipulagi í landi Brattholts sem felst í að gert er ráð fyrir nýrri 6.000 fm lóð fyrir tvö starfsmannahús og eitt gróðurhús. Annað starfsmannahúsið og gróðurhúsið eru þegar innan lóðarinnar.

Að mati sveitarstjórnar Bláskógabyggðar er um óverulega breytingu að ræða og samþykkir hana skv. 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Breytinguna skal grenndarkynna fyrir eigendum aðliggjandi lands.

Mál nr. 6; Kolviðarholtsmýri 1 lnr. 223689: Nýbyggingar – 7 sumarhús og 2 skemmur: Deiliskipulag – 1606038.

Lögð fram endurskoðuð tillaga að deiliskipulagi frístundabyggðarinnar Kolviðarholtsmýri á spildu úr landi Böðmóðsstaða. Tillaga að deiliskipulagi svæðisins var auglýst 1. september með athugasemdafrest til 14. október 2016. Á fundi skipulagsnefndar 27. október var bókað, með vísun í lög um náttúruvernd, að ekki væri heimilt að ræsa landið frekar fram en nú þegar hefur verið gert til að nýta megi landið til uppbyggingar frístundabyggðar. Var sú afgreiðsla staðfest í sveitarstjórn Bláskógabyggðar 3. nóvember s.l. Í þeirri tillögu sem nú er lögð fram er ekki gert ráð fyrir að landið verði ræst fram heldur eingöngu að útbúnar verði grunnar vatnsrásir til að veita yfirborðsvatni frá á vorin og haustin sem ekki hafi áhrif á vatnsbúskap landsins. Í ljósi breytinga sem gerðar hafa verið á tillögunni þá samþykkir sveitarstjórn Bláskógabyggðar deiliskipulagið og felur skipulagsfulltrúa að senda það til afgreiðslu Skipulagsstofnunar.

Mál nr. 7; Brúarvirkjun í Tungufljóti: Brú: Bláskógabyggð:
Aðalskipulagsbreyting – 1603003.

Lögð fram að lokinni auglýsingu skv. 1. mgr. 31. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 tillaga að breytingu á aðalskipulagi vegna Brúarvirkjunar í Tungufljóti ásamt umhverfisskýrslu. Tillagan var auglýst til kynningar 13. október 2016 með athugasemdafresti til 25. nóvember. Eitt athugasemdarbréf barst auk þess sem borist hafa nýjar umsagnir frá Umhverfisstofnun, Skógrækt ríkisins og Heilbrigðiseftirliti Suðurlands. Þá eru lögð fram viðbrögð umsækjenda um helstu atriði athugasemdar.

Að mati sveitarstjórnar Bláskógabyggðar koma ekki fram ný atriði í innkominni athugasemd og samþykkir aðalskipulagsbreytinguna. Einnig var lögð fram drög að umsögn um þær athugasemdir sem fram komu. Sveitarstjórn Bláskógabyggðar samþykkir samhljóða fyrirliggjandi drög að umsögn um athugasemdir og felur skipulagsfulltrúa að senda fram lagt bréf til hlutaðeigenda. Jafnframt felur sveitarstjórn Bláskógabyggðar skipulagsfulltrúa að senda tillöguna til staðfestingar Skipulagsstofnunar.

Mál nr. 8; Brúarvirkjun í Tungufljóti: Brú: Deiliskipulag – 1605007.

Lögð fram að lokinni kynningu skv. 1. mgr. 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 tillaga að deiliskipulagi Brúarvirkjunar sem auglýst var samhliða breytingu á aðalskipulagi svæðisins frá 13. október 2016 til 25. nóvember. Ein athugasemd barst auk þess sem fyrir liggja nýjar umsagnir frá Umhverfisstofnun, Skógrækt ríkisins og Heilbrigðiseftirliti Suðurlands. Gerðar hafa verið minniháttar breytingar á skipulagsgögnum til að koma til móts við ábendingar í fyrirliggjandi umsögnum og eru breytingarnar tilgreindar aftast í greinargerðinni. Sveitarstjórn Bláskógabyggðar samþykkir deiliskipulagið með minniháttar breytingum sbr. ofangreint og felur skipulagsfulltrúa að senda það til afgreiðslu Skipulagsstofnunar. Umfjöllun um athugasemdir er vísað til afgreiðslu aðalskipulagsbreytingar fyrir svæðið.

Mál nr. 18; Afgreiðslur byggingarfulltrúa – 16-43 – 1611005F.

Afgreiðslur byggingarfulltrúa frá 30. nóvember 2016 lagðar fram til kynningar.

- 1.3. 124. fundur skipulagsnefndar ásamt afgreiðslum byggingarfulltrúa frá 14. desember 2016 – 16-44.

Mál nr. 5; Mosaskyggirnir 12 lnr. 224481: Tilfærsla á lóð: Deiliskipulagsbreyting – 1612026.

Lögð fram umsókn Eflu verkfræðistofu dags. 13. desember 2016 um breytingu á deiliskipulagi Úthlíðar sem felst í að lóðin Mosaskyggirnir 12 færist til norðvesturs. Stærð lóðarinnar breytist ekki.

Að mati sveitarstjórnar Bláskógabyggðar er um óverulega breytingu að ræða og samþykkir hana skv. 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Ekki er talin þörf á að grenndarkynna breytinguna þar sem lóðirnar Mosaskyggirnir 13, 15 og 17 hafa ekki verið stofnaðar og því engir hagsmunaaðilar til staðar aðrir en eigendur jarðarinnar.

Mál nr. 6; Efri-Reykir 167080: Hótelbygging og baðlón: Fyrirspurn – 1610007. Lögð fram til kynningar tillaga að deiliskipulagi svæðis úr landi Efri-Reykja sem ætlað er til uppbyggingar hótels- og baðlóns. Í því felst að afmarkað er svæði fyrir baðlón þjónustuhús og 100-200 herbergja hótél með hámarksbyggingarmagn upp á allt að 14.000 fm. Þá er einnig afmarkaður byggingarreitur fyrir allt að 10 starfsmannahús fyrir allt að 60 starfsmenn sem samtals geta verið allt að 1.500 fm. Sveitarstjórn Bláskógabyggðar tekur jákvætt í erindið en telur að byggingarreitur þjónustuhúss og hótels sé of nálægt ánni. Þá er bent á að í ljósi umfangs starfseminnar þurfi að gera ráð fyrir hreinsistöð fyrir fráveitu en ekki rotþró með siturbeði. Varðandi starfsmannahús að þá telur sveitarstjórn einnig að gera ætti ráð fyrir að meginhluti starfsmannaíbúða eigi að byggjast upp í þéttbýlisstöðum. Þá þarf að mati sveitarstjórnar að skoða betur staðsetningu þylrupalls.

Mál nr. 7; Vatnsleysa land B lnr. 188581: Frístundahúsalóðir: Deiliskipulag – 1612004.

Lagðar fram tvær tillögur að deiliskipulagi fyrir þrjár spildur úr landi Vatnsleysu í samræmi við bókun skipulagsnefndar dags. 8. desember 2016. Önnur þeirra gerir ráð fyrir byggingarreit á einni lóð en hin tillagan gerir ráð fyrir sambærilegum byggingarreit á öllum þremur lóðunum.

Sveitarstjórn Bláskógabyggðar samþykkir að auglýsa tillögu að deiliskipulagi skv. 1. mgr. 41. gr. skipulagslaga þar sem afmarkaður er byggingarreitur á lóð B en ekki á lóðum A og C, þar sem ekki liggur fyrir samþykki þeirra eigenda.

Mál nr. 8; Herutún 1 – 13 lnr. 214886, 214887 og 214888 (oddatölur): Fjölgun íbúða í húsum: Deiliskipulagsbreyting – 1612033.

Lögð fram umsókn Andra Þórs Gestssonar dags. 13. desember 2016 um breytingu á deiliskipulagi sem nær til íbúðarlóða við Herutún á Laugarvatni. Óskað er eftir að þriggja íbúða raðhúsalóð verði breytt í fjögurra íbúða hús (Herutún 1,3,5) og að tveimur parhúsalóðum verði breytt á sama hátt (Herutún 7-9 og 11-13). Gert er ráð fyrir að þarna verði byggð þrjú fjögurra íbúða raðhús með þriggja herberja íbúðum. Verða húsin innan núverandi byggingarreita. Fyrir liggur að eigendur einu byggðu lóðarinnar við Herutún gera ekki athugasemdir við breytinguna.

Sveitarstjórn Bláskógabyggðar gerir ekki athugasemd við breytingu á deiliskipulagi í samræmi við fyrirbyggjandi umsókn. Þar sem leyfilegt byggingarmagn breytist ekki og uppbygging á svæðinu er lítið sem ekkert farin af stað er breytingin óveruleg að mati nefndarinnar. Sveitarstjórn Bláskógabyggðar samþykkir hana skv. 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga. Þar sem samþykki eigenda lóðar við Herutún liggur fyrir er ekki talin þörf á grenndarkynningu.

Mál nr. 9; Stekkatún 1-5: Efri-Reykir: Deiliskipulag – 1606010.

Lögð fram lagfærð tillaga að deiliskipulagi fyrir Stekkatún 1-5 úr landi Efri-Reykja þar sem komið hefur verið til móts við ábendingar Skipulagsstofnunar í bréf dags. 22. nóvember 2016.

Að mati sveitarstjórnar Bláskógabyggðar hefur verið komið til móts við ábendingar Skipulagsstofnunar og samþykkir hana að nýju.

Mál nr. 17; Afgreiðslur byggingarfulltrúa – 16-44 – 1612003F.
Afgreiðslur byggingarfulltrúa frá 14. desember 2016 lagðar fram til kynningar.

- 1.4. 41. stjórnarfundur Skipulags- og byggingarfulltrúi Uppsveita bs.
Í fundargerð kemur fram, að stjórn Skipulags- og byggingarfulltrúa Uppsveita bs. gerir tillögu um breytingu á nafni byggðasamlagsins í Umhverfis- og tæknisvið Uppsveita bs. Jafnframt að léni embættisins verði breytt úr www.sbf.is í www.utu.is og pósthöfundum úr nafn@sudurland.is í nafn@utu.is. Sveitarstjórn Bláskógabyggðar samþykkir þessar tillögur að breytingum fyrir sitt leyti.

2. Fundargerðir lagðar fram til kynningar:

- 2.1. 23. fundur stjórnar Bergrisans bs.
- 2.2. 251. fundur stjórnar Sorpstöðvar Suðurlands.

3. Uppbygging ljósleiðarakerfis; Ísland ljóstengt 2017.

Oddviti og sveitarstjóri gerðu grein fyrir stöðu málsins og fundi sem haldinn var þann 4. janúar s.l. Jafnframt voru lög fram gögn um skilmála styrkúthlutunar til uppbyggingar ljósleiðarakerfa í dreifbýli á árinu 2017.

Sveitarstjórn Bláskógabyggðar samþykkir samhljóða að sækja um styrk til verkefnisins Íslands ljóstengt 2017, A-hluta, en frestur til að skila inn umsóknum rennur út þann 11. janúar n.k. Unnið verður með verkefnisstjórn verkefnisins að útfærslu umsóknar sem getur verið í mismunandi útfærslum. Umsóknin verður unnin í samvinnu við Grímsnes- og Grafningshrepp og Hrunamannahrepp. Þegar niðurstaða liggur fyrir vegna innsendra umsókna hefur sveitarfélagið frest til 3. febrúar til að taka ákvörðun um skuldbindingu sveitarfélagsins.

Sveitarstjórn Bláskógabyggðar felur oddvita og sveitarstjóra að vinna að þessu verkefni fyrir hönd Bláskógabyggðar í samvinnu við Tæknisvið Uppsveita og ráðgjafann Guðmund Daníelsson.

4. Skipulagsmál:

- 4.1. Fyrirhugað deiliskipulag í landi Litla-Fljóts; Borgarás.
Lagt fram minnisblað vegna fundar um deiliskipulagsvinnu í landi Litla-Fljóts, dags. 21. desember 2016. Jafnframt lögð fram skipulagslýsing og uppdráttur. Sveitarstjórn Bláskógabyggðar fellst á að skipulag þessara sex lóða verði sett í kynningu, þó með þeim fyrirvara að veltengingu að svæðinu verði breytt. Æskilegt er að huga að veltengingu að svæðinu í samhengi við hugmyndir um nýja heimreið að Litla-Fljóti.
- 4.2. Fyrirhuguð breyting á aðalskipulagi Reykjavíkur 2010-2030; heimildir um veitinga- og gististaði.
Lagðar fram tillögur Reykjavíkur um breytingu á aðalskipulagi Reykjavíkur sem lýtur að heimildum um veitinga- og gististaði.
Sveitarstjórn vísar erindinu til skipulagsfulltrúa og veitir honum fullt umboð til þess að svara erindinu eða veita umsögn fyrir hönd sveitarstjórnar Bláskógabyggðar.
- 4.3. Tillaga að breytingu á aðalskipulagi Reykjavíkur 2010-2030; íbúðarbyggð og blönduð byggð, mynd 13 í kaflanum Borgin við Sundin.

Lagðar fram tillögur Reykjavíkur um breytingu á aðalskipulagi Reykjavíkur sem lýtur að mynd nr. 13 í kaflanum Borgin við sundin, íbúðarbyggð og blönduð byggð.

Sveitarstjórn vísar erindinu til skipulagsfulltrúa og veitir honum fullt umboð til þess að svara erindinu eða veita umsögn fyrir hönd sveitarstjórnar Bláskógabyggðar.

5. Innsend bréf og erindi:

- 5.1. Tölvuskeyti Þórhalls Gunnarssonar, Sagafilm, dags. 23. desember 2016; samstarf við upptöku sjónvarpsþátta.

Lagt fram tölvuskeyti Þórhalls Gunnarssonar, f.h. Sagafilm þar sem óskað er eftir samstarfi við Bláskógabyggð við að finna húsnæði á Laugarvatni fyrir þátttakendur í sjónvarpsþáttunum og framleiðsluteymi á upptökutímabilinu.

Upptökur á þáttunum eiga að hefjast í byrjun apríl og ljúka í lok maí.

Oddvita og/eða sveitarstjóra falið að ræða við þá aðila á Laugarvatni sem gætu haft aðstöðu og jafnframt fulltrúa Sagafilm. Kannað verði hvort hægt verði að finna aðstöðu eins og óskað er eftir í framlögðu tölvuskeyti.

- 5.2. Bréf foreldraráðs leikskólans Álfaborgar, dags. 12. desember 2016; stytting sumarlokunar og lokun skólans á Þorláksmessu.

Lagt fram bréf foreldraráðs leikskólans Álfaborgar þar sem óskað er eftir upplýsingum um ástæðu lokunar leikskólans á Þorláksmessu. Jafnframt er gerð athugasemd við tillögu skólanefndar um styttingu sumarlokunar, þar sem hún er skilyrt við að mótuneytismál og starfsmannamál verði leyst fyrir lok marsmánaðar. Finnst foreldraráði það of skammur fyrirvari fyrir sumarlokun.

Sveitarstjórn bendir bréfiturum á að vegna tillögu að styttingu sumarlokunar þá fjallaði skólanefnd, ásamt öllum áheyrnarfulltrúum leikskólanna, um málið og skilaði niðurstöðu. Sveitarstjórn staðfesti afgreiðslu skólanefndar.

Hvað varðar lokun leikskólanna á Þorláksmessu þá er gert ráð fyrir því að báðir leikskólar verði opnir á Þorláksmessu framvegis, ef hún ber upp á virkan vinnudag, og munu skólastjórnendur taka mið af því í skipulagningu skólastarfs til framtíðar. Ekki var innheimt dagvistargjald vegna Þorláksmessu árið 2016.

- 5.3. Tölvuskeyti Landsbankans, dags. 2. janúar 2017; beiðni um samþykki Bláskógabyggðar á eignayfirlærslu vegna samruna félaga.

Lagt fram tölvuskeyti Landsbankans þar sem óskað er eftir samþykki sveitarstjórnar Bláskógabyggðar á eignayfirlærslu sem er tilkomin vegna samruna félaganna Hömlur 1 ehf og Hömlur ehf þar sem Hömlur ehf yfirtekur allar eignir og skuldir Hamla 1 ehf. Hvað varðar ákvörðun sveitarstjórnar Bláskógabyggðar er um að ræða eignina Ösp, fastanúmer 220-5270, 220-5271 og 220-5274.

Sveitarstjórn Bláskógabyggðar samþykkir samhljóða umrædda eignayfirlærslu og fellur frá forkaupsrétti skv. leigusamningi dags. 15. apríl 1970.

6. Reglur til samþykktar:

- 6.1. Reglur um sérstakan húsnæðisstuðning.

Lagðar fram tillögur að reglum um sérstakan húsnæðisstuðning sem unnar hafa verið af skólaþjónustu- og velferðarnefnd Árneshöfna. Tillögurnar voru lagðar fram á fundi byggðaráðs Bláskógabyggðar, 178. fundi.

Sveitarstjórn Bláskógabyggðar samþykkir samhljóða fyrir sitt leyti fyrirbyggjandi tillögur að reglum um sérstakan húsnæðisstuðning.

6.2. Reglur um lögmannskostnað í barnaverndarmálum.

Lagðar fram tillögur að reglum um lögmannskostnað í barnaverndarmálum sem unnar hafa verið af skólaþjónustu- og velferðarnefnd Árneshöfna. Tillögurnar voru lagðar fram á fundi byggðaráðs Bláskógabyggðar, 178. fundi.

Sveitarstjórn Bláskógabyggðar samþykkir samhljóða fyrir sitt leyti fyrirbyggjandi tillögur að reglum um lögmannskostnað í barnaverndarmálum.

Fundi slitið kl. 17:00.

Helgi Kjartansson, oddviti

Valgerður Sævarsdóttir

Óttar Bragi Þráinsson

Kolbeinn Sveinbjörnsson

Guðrún S. Magnúsdóttir

Eyrún M. Stefánsdóttir

Bryndís Á. Böðvarsdóttir

Valtýr Valtýsson

Sigurrós H. Jóhannsdóttir